



# Umgengni við ígræddan blóðskilunarlegg


Nú þegar þú hefur fengið ígræddan blóðskilunarlegg er mikilvægt að hugsa vel um hann. Gæta þarf fyllsta hreinlætis í umgengni við legginn.

Hægt er að nota legginn við blóðskilun strax eftir aðgerðina. Eftir að skurðurinn er gróinn veldur leggurinn sjaldnast óþægindum.

## Eftir aðgerðina

Halda þarf umbúðum hreinum og þurrum. Umbúðir yfir skurði á hálsi má fjarlægja á þriðja degi eftir aðgerð. Starfsfólk skilunardeildar sér um að skipta um aðrar umbúðir. Búast má við eymslum og bólgu á skurðsvæðinu í viku eftir aðgerð. Fjórum til sex vikum eftir aðgerðina er leggurinn gróinn fastur undir húðinni og þá eru saumar fjarlægðir.

Fyrstu vikuna þarf að hlífa öxl, brjóstkassa og handlegg, þeim megin sem leggurinn er en óhætt er að nota handlegginn við daglegar athafnir.



Ígræddur blóðskilunarleggur

## Dagleg umgengni við blóðskilunarlegg

Blóðskilunarleggur er aðskotahlutur í líkamanum og því fylgir honum sýkingarhætta. Þess vegna þarf að gæta fyllsta hreinlætis í umgengni við hann.

Halda þarf umbúðum yfir leggnum alltaf hreinum og þurrum til að minnka hættu á sýkingu. Skipt er á umbúðum yfir húðopinun á skilunardeildinni að minnsta kosti vikulega og oftar ef þarf.

Eftir að blóðskilunarleggur hefur verið settur í má ekki fara í sund, heita potta eða baðkar. Þá blotna umbúðir yfir leggnum og húðopið í kringum hann. Þannig komast vatn og örverur í snertingu við húðopið og eiga greiða leið inn í líkamann. Fara má í sturtu ef húðop og umbúðir eru huldar þannig að þau blotni ekki. Starfsfólk skilunardeildar eða legudeildar veitir upplýsingar um hvernig það er gert.

Ef blæðir frá endum blóðskilunarleggsins þarf að athuga hvort klemmur á endunum hafi opnast. Ef svo er þarf að loka þeim og hafa samband við skilunardeild eða vakthafandi nýrnasérfræðing.

## Dagleg umhirða og eftirlit

Gott er að skoða húðopið og enda leggsins daglega. Til dæmis má tengja það daglegum athöfnun, svo sem að bursta tennurnar, klæða sig eða borða morgunmat.


- Athuga hvort umbúðir séu heilar og þurrar. Ef þær hafa blotnað er mikilvægt að skipta um umbúðir sem fyrst og hafa samband við skilunardeild.
- Skoða húðopið og húðina í kring og athuga hvort þar sé roði, bólga eða vessi. Ef svo er þarf að hafa samband við skilunardeild eða vakthafandi nýrnasérfræðing.
- Gæta þess að ekki komi tog á legginn. Ef það gerist þarf að hafa samband við skilunardeild eða vakthafandi nýrnasérfræðing.
- Mikilvægt er að endar leggsins séu varðir og þeim pakkað inn í umbúðir. Ef umbúðirnar detta af þarf að setja nýjar yfir.

## Blóðskilunarleggur notaður við blóðskilun

Leggurinn er tvískiptur þannig að blóðið er dregið út um aðra rásina og flæðir í gegnum blóðskilunarvél sem síar burtu óæskileg efni. Blóðinu er svo skilað aftur til líkamans gegnum hina rásina.

Mikilvægt er að vera í þægilegri stöðu þegar búið er að tengja við blóðskilunarvélinu. Þannig er líklegra að góð hvíld fáiast og ekki verði spennu í öxlum og hálsi. Forðast þarf miklar eða snöggar hreyfingar svo ekki komi tog á legginn eða slöngur.

Þegar blóðskilunarvélin er aftengd eru rásirnar fylltar með lyfi til að hindra storku og lokað með töppum. Endum leggsins er pakkað inn í hreinar grisjur sem eiga að hylja þá fram að næstu blóðskilun.



Mælt er með að aðeins hjúkrunarfræðingar á skilunardeild opni legginn. Ef aðrir þurfa að gera það þarf að fá leiðbeiningar um hvernig það er gert frá skilunardeildinni. Áður en opnað er inn í rásirnar, þarf að sótthreinsa samskeytin tvisvar og láta þorna á milli til að minnka hættu á sýkingu.

## Að lokum

Blóðskilunarleggurinn er nauðsynlegur fyrir blóðskilunarmedferðina. Mikilvægt er að hirða vel um hann svo hann gagnist sem lengst.

### Hafa skal samband við skilunardeild eða bráðamóttöku ef:

- Umbúðir hafa blotnað eða blætt í þær
- Roði, bólga og /eða vessi er við legg eða húðop
- Tog eða hreyfing hefur orðið á leggnum
- Blæðing er frá húðopi
- Leggur opnast, gat kemur á hann eða tappar detta af

## Símanúmer

Skilunardeild: Opið kl. 8–20 mánudaga til föstudaga og kl. 8–16 um helgar, s. 543 6315

Skriptiborð Landspítala: Opið allan sólarhringinn, s. 543 1000

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

## Slóðir á gagnlegar vefsíður um blóðskilunarleggi

<http://kidneyschool.org/pdfs/KSModule8.pdf>

<http://kidney.niddk.nih.gov/kudiseases/pubs/vascularaccess/#sec5>

<http://www.kidneypatientguide.org.uk/access.php>

---

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

---

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI LYFLÆKNINGASVIÐ  
SEPTEMBER 2015  
LYF-478

ÁBYRGÐARMENN:  
YFIRLÆKNIR ÆÐASKURÐLÆKNINGA  
OG DEILDARSTJÓRI SKILUNARDEILDAR

HÖNNUN:  
KYNNINGARMÁL LSH